

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulaginu „Miðbær–Hraun, vestur“, lóð nr. 8 við Mjósund.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 16. júní 2020 breytingu á deiliskipulaginu „Miðbær–Hraun, vestur“, lóðin Mjósund 8. Í breytingunni felst að byggingarreitur á lóð fyrir einbýlishús breytist og mænisstefnu þaks er breytt. Byggingarreitur fyrir garðhús á suðurhluta lóðar verður felldur niður og nýr byggingarreitur markaður fyrir hjólaskúr á norðausturhluta lóðar. Nýtingarhlutfall verður óbreytt. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 30. apríl til 11. júní 2020. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 12. ágúst 2020.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.